

Árbók RannUng 2024



Um RannUng

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) var stofnuð 15. maí 2007 og var fyrsta rannsóknarstofan sem stofnuð var við Kennaraháskóla Íslands.

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 til 8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknarstofunni er ætlað það hlutverk að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu fræðigreina, fræðirita og með fyrirlestrahaldi.

Flest börn á aldrinum 2–5 ára sækja nú leikskóla og aukin þekking á því hvernig börn læra og þroskast hefur opnað augu fólks fyrir mikilvægi fyrstu ævíarárna og menntun ungra barna. Starfsemi rannsóknarstofunnar kemur til móts við breyttar aðstæður í málefnum ungra barna. Á vegum rannsóknarstofunnar taka vísindamenn og fagfólk höndum saman um að vinna rannsóknir og sinna brýnum og aðkallandi málefnum í íslensku samfélagi.

Stjórn RannUng árið 2024:

- Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent við MVS HÍ
- Anna Magnea Hreinsdóttir, lektor á MVS HÍ
- Kristín Karlsdóttir, dósent við Háskóla Íslands
- Hanna H. Leifsdóttir, leikskólafulltrúi í Garðabæ
- Sigurður Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda leikskóla

Forstöðumaður rannsóknarstofunnar var Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent við MVS HÍ. Stjórnin hélst óbreytt árið 2024. Margrét S. Björnsdóttir, aðjúnt á MVS HÍ er í rannsóknarsamstarfi við RannUng og hefur komið að skipulagi viðburða á vegum Rannsóknarstofunnar og fengið sérstaklega greitt fyrir.

Samstarfs- og stuðningsaðilar

Einstaka verkefni rannsóknarstofunnar hafa ýmist verið styrkt með fjárveitingum eða vinnuframlagi eftirtalinna aðila: Reykjavíkurborg, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og sveitarfélög í Kraganum þ.e. Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Menntavísindasvið leggur til vinnuaðstöðu fyrir skrifstofu RannUng.

RannUng þakkar öllum þeim sem hafa veitt rannsóknarstofunni styrki og/eða tekið þátt í verkefnum RannUng kærlega fyrir samstarfið

Vordagskrá 2024

Morgunverðarfundur RannUng var haldinn mánudaginn **13. maí 2024** á Grand Hótel kl. 8:30-11:00. Yfirskrift fundarins var „Skrifaðu um leikinn minn“ Sýnilegt leikskólastarf. Sara Margrét Ólafsdóttir, forstöðumaður RannUng, setti fundinn og fundarstjóri tók við. Í upphafi fundarins var Kristín Karlsdóttir heiðruð í tilefni af 70 ára afmæli sínu og fyrir mikið og gott framlag til RannUng í gegnum tíðina. Síðan tóku við erindi og umræður.

- Kristín Karlsdóttir, dósent á MVS HÍ, flutti erindið
Athugun, skráning og mat - Fyrir börn og með börnum
- Anna Gréta Guðmundsdóttir, aðjúnt á MVS HÍ, flutti erindið
„Þúsund myndir og enn fleiri orð“
- Ayse Ebru Gurdemir, leikskólakennari í Miðborg ásamt Ösp Jónsdóttur og Tinnu Sigurðardóttur leikskólastjórum í Miðborg, flutti erindið
Bók barnsins – Brú milli heimilis og skóla
- Um **samantekt** sá Hanna H. Leifsdóttir, leikskólafulltrúi Garðabæjar

Fundarstjóri var Margrét S. Björnsdóttir. Þátttaka var í dræmari kantinum þetta árið.

Samstarf 2024

Samstarf við Félag stjórnenda leikskóla - Námsstefna FSL fór fram 20. september í Gullhömrum. Sigurður, formaður FSL og stjórnarmaður í RannUng, leitaði eftir samstarfi við RannUng varðandi erindi á málstofum tengdum stjórnun. Fjórir nýútskrifaðir meistaranemar héldu eftirfarandi erindi:

- ***Við tölum við fólk, ekki um fólk. Mótun samskiptamenningar í leikskóla***
Þorgerður Kristín Guðmundsdóttir
- ***„Þetta er bara djúpa laugin“ Reynsla leikskólakennara af upphafi deildarstjóraferilsins***
Ester Jóhanna Sigurðardóttir
- ***Að stjórna jafningjum. Frammistöðusamtöl***
Ragnhildur Ólafsdóttir
- ***Leikskólastarfi með fjölbreyttum barnahóp***
Halldóra Sigtryggisdóttir

Stjórn RannUng var boðið á námsstefnuna.

Fulltrúar RannUng sátu í **undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnu** sem verður á degi **leikskólans** í Reykjavík 6. febrúar kl. 8:30-12:00 á Nordica.

Rannsóknarverkefni 2024

Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum, bæði erlendum og innlendum frá því rannsóknarstofan var stofnuð og er ýmsum þeirra lokið. Gerð er grein fyrir þessum verkefnum á heimasíðu stofunnar <https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknir-rannsoknastofur/rannsoknarstofa-i-menntunarfraedum-ungra-barna-rannung>

Hér á eftir er gerð grein fyrir verkefnum sem unnið var að á árinu 2024. A. *Samstarfsverkefni um innleiðingu Barnasáttmálans í Hafnarfirði*. B. *Samstarfsverkefni um undirbúningstíma leikskólakennara í Reykjavík og Hafnarfirði*.

A. Innleiðing Barnasáttmálans í Hafnarfirði

Samstarfsverkefni í Hafnarfirði. Í maí 2023 skrifuðu Hafnarfjarðarbær og RannUng undir þriggja ára samstarfssamning með áherslu á starfshætti leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimila í Hafnarfjarðarbæ. Samstarfið tengist beint innleiðingu Hafnarfjarðarbæjar á barnvænu sveitarfélagi árin 2022-2026. Markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starf leikskóla, yngsta stig grunnskóla og frístundaheimili í Hafnarfirði með því að skapa vettvang til samtals og ígrundunar og koma þannig á lærdómssamfélagi jafningja. Tilgangur verkefnisins er að auka þekkingu starfsfólks, foreldra og barna á réttindum barna og auka þátttöku þeirra í daglegu skóla- og frístundastarfi. Tveir grunnskólar, tveir leikskólar og tvö frístundarheimili Hafnarfjarðarbæjar eru nú þátttakendur í verkefninu. Samkvæmt dagskrá verkefnisins verða lokakynningar núna í lok janúar 2025 og er þá eftir að skrifa lokaskýrslu og grein/greinar um ferlið í fræðirit. Sjá nánar um dagskrá verkefnisins en samstarfstíminn verður mögulega stytur til ársins 2025.

B. Undirbúningstímar leikskólakennara í Reykjavík og Hafnarfirði

Undirbúningstími leikskólakennara - Reykjavík - Hafnarfjörður. Í janúar 2024 stofnuðu Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbær til samstarfs við RannUng um *Innihald og skipulag undirbúningstíma - Þróunarverkefni leikskóla í Hafnarfirði og Reykjavík* í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þátttakendur í rannsókninni voru deildarstjórar í níu leikskólum, fimm reknum af Hafnarfjarðarbæ og fjórum reknum af Reykjavíkurborg ásamt þremur rannsakendum frá Háskóla Íslands. Þessir deildarstjórar höfðu áhuga á því að hittast og ræða og móta innihald undirbúningstíma. Rannsakendur mótuðu tillögu að reglulegum umræðufundum, þar sem ákveðinn þáttur undirbúningstíma var til umræðu hverju sinni. Þannig var þátttakendum skapað rými þar sem reynsla þeirra og raddir fengu að heyrast. Söfnuðu rannsakendur gögnum með þátttakendum, skráðu ferlið og greindu gögnin. Unnið er að rafrænni framsetningu á afrakstri vinnunnar og verður hún aðgengileg öllum þannig að hún geti nýst sem best á vettvangi leikskóla. Einnig er í farvatninu grein um rannsóknina. Sótt var um styrk til nýsköpunar og skólaþróunarverkefna á vettvangi leik- grunn- og framhaldsskóla og frístundastarfs hjá

Menntamálaráðuneytinu en hann fékkst ekki. Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbær kosta útgáfu á rafrænu efni. Annar kostnaður fellur á RannUng s.s. úrvinnsla og skrif.

Aukin þátttaka nema í starfsemi RannUng

Aukin samvinna RannUng og háskólanema Menntavísindasviðs er til hagsbóta fyrir alla aðila. Til dæmis er ávinningur fyrir rannsóknarstofuna að fá inn ný sjónarmið og tengingu við vettvanginn. Með fleira fólki verða rannsóknirnar fleiri og umfangsmeiri. Nemarnir öðlast ómetanlega reynslu af því að vinna með sérfræðingum og fá handleiðslu um hvernig hægt er að þróa sig áfram í átt að faglegum vinnubrögðum á sviði menntunarfræða ungra barna.

Rannsóknarstofan sá sér ekki fært að tengja meistaranema við verkefni ársins og þótti það miður. Þetta kemur m.a. til af því að þeim meistaranemum, sem ljúka námi með lokaritgerð, hefur fækkað verulega með tilkomu MT leiðar en einnig að þátttaka og skrif í verkefni með RannUng getur tafið útskrift ef meistaranemar ljúka námi með greinarskrifum.

Bókaútgáfa RannUng og greinaskrif

RannUng hefur gefið út fimm bækur frá því að rannsóknarstofan hóf göngu sína. Fyrst kom út bókin *Lítill börn með skólatöskur* árið 2007 eftir Jóhönnu Einarsdóttur sem fjallaði um tengsl leikskóla og grunnskóla. Árið 2008 var bókin *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* gefin út. Ritstjórar voru Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. Bókin *John Dewey í hugsun og verki* kom út árið 2010 og var í ritstjórn Jóhönnu Einarsdóttur og Ólafs Páls Jónssonar. Efnistökbókarinnar eru bæði á heimspekilegum og menntunarfræðilegum nótum. Haustið 2012 gaf RannUng út bókina *Raddir barna* í ritstjórn Jóhönnu Einarsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur. Útgáfu bókarinnar var fylgt úr hlaði með málstofu sem haldin var á Menntakviku Háskóla Íslands.

Bók um innleiðingu grunnþátta menntunar og námssviða leikskólans, *Leikum, lærum, lifum*, kom út haustið 2016. Bókin byggir á rannsókn sem gerð var í samstarfi Rannsóknarstofu í

menntunarfræðum ungra barna (RannUng) við leikskóla í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.

Engar bækur voru gefnar út á árinu 2019 en greinar úr verkefninu *Mat á námi og vellíðan barna* birtust í Sérítinu Netlu, undir nafni verkefnisins, í janúar 2020.

Birtar hafa verið greinar í tengslum við rannsókn á *undirbúningstímum leikskólakennara*. Árið 2022 birtist í Netlu greinin *Áhrif undirbúningstíma á fagmennsku leikskólakennara og gæði leikskólastarfs* og byggði hún á þeim hluta rannsóknarinnar sem snýr hún að forgangsröðun verkefna. Árið 2024 birt önnur grein *Undirbúningstími í leikskólum: Hagur barna*.

Bókin *Leik andinn: Greinar um menntun ungra barna* kom út bæði á kilju og rafrænu formi árið 2022. Ritstjóri bókarinnar er Jóhanna Einarsdóttir. RannUng hefur fengið að selja bókina og njóta hagnaðarins.

Árið 2025 kemur út bókin - *Með nesti og nýja skó* - Ritstjórar: Jóhanna Einarsdóttir og Björn Rúnar Egilsson. Hún er um skil skólastiga og verður einnig rafræn.

Menntakvika

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands „Menntakvika: Rannsóknir, nýbreytni og þróun“ var haldin 26. og 27. september 2024. RannUng var ekki með neina málstofu að þessu sinni.

RannUng á veraldarvefnum

RannUng sér um að halda úti heimasíðu sem hefur meðal annars það hlutverk að miðla fróðleik og koma á framfæri upplýsingum um starfsemi rannsóknarstofunnar. Með heimasíðunni er öllum gert kleift að fylgjast með því sem er á döfinni hjá RannUng óháð búsetu eða aðstöðu. Hlutverk vefsíðunnar er einnig að auðvelda þeim sem vilja hafa samband við RannUng og koma á framfæri hugmyndum sínum.

<https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknir-rannsoknastofur/rannsoknarstofa-i-menntunarfraedum-ungra-barna-rannung>

RannUng heldur úti síðu á Facebook undir sama nafni þar sem viðburðir eru auglýstir. Einnig er auglýst á Facebook síðu Menntavísindasviðs og heimasíðu Menntavísindastofnunar. RannUng

hefur einnig verið að auglýsa á Facebook síðunum *Leikur og leikskólastarf* og *Leikskólakennaraspjallið*.